



Fundargerð stjórnar SSA nr. 9 starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA föstudaginn 9. ágúst 2013 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði í Kaupvangi, Vopnafirði. Fundarstaður: Mikligarður.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Þórunn Egilsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 11. júlí 2013. Samþykkt samhljóða.
- b) Stjórnar Eyþings 242. og 243. fundur. Lagðar fram til kynningar.
- c) Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna og KÍ v/ Félags tónlistarkennara dags. 14. júní 2013. Töluverðar umræður voru um málefni leik- grunn- tónlistar- og framhaldsskóla. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Erindi til stjórnar SSA:

- a) Kynnt var skýrsla sem Kpmg vann fyrir stjórn SSA um kostnað við undirbúning og stofnun Austurbrúar. Um er að ræða kostnað að upphæð kr. 26,4 milljónir sem SSA og Austurbrú hafa lagt út fyrir á tímabilinu 2010-2012. Eftir er að taka saman kostnað sem fallið hefur til hjá Austurbrú á árinu 2013 vegna samrunans. Samþykkt var að fulltrúi sveitarstjórnarmála ásamt framkvæmdarráði vinni frekari gögn sem lögð verða fyrir stjórnvöld.
- b) Skýrsla Samráðsvettvangs um aukna hagsæld tekin til umræðu.

3. Aðalfundur SSA 2013:

- a) Lögð var fram drög að dagskrá aðalfundar SSA 2013 sem haldinn verður í Fjarðarbyggð dagana 13. og 14. september nk. Ákveðið var að gera ákveðnar breytingar á formi aðalfundar og taka þannig mið af niðurstöðum skoðanakönnunar sem fram fór meðal sveitarstjórnarmanna um fyrirkomulag alaðfunda SSA.



4. Önnur mál:

Enginn önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 18:35

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.